



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 9.mars 2026


SÞS

Mál: 2602350

Efni: Reglur um auglýsingar starfa hjá yfirstjórn Kópavogs

Bæjarfulltrúi Viðreisnar hefur með fyrirspurn, dags. 5. febrúar 2026 óskað eftir upplýsingum um hvaða reglur gilda um auglýsingar starfa hjá yfirstjórn Kópavogs þ.e. á bæjarskrifstofum á Digranesvegi, Vallarkór og menningarhúsum.

Í skipulagsbreytingum sem tóku gildi 1.mars 2025 var eftirfarandi skipurit innleitt.



Sviðsstjórar ásamt skrifstofustjórum þverlægra skrifstofa alls 8 og bæjarstjóri eru skv. skipuriti í yfirstjórn bæjarfélagsins. Um auglýsingar starfa í yfirstjórn gilda sömu reglur og um annað starfsfólk sem og tilgreint er í bæjarmálasamþykkt um ráðningar í ákveðin störf.

Bæjarmálasamþykkt samþykkt á fundi bæjarstjórnar 26. nóvember 2024 kveður á um:

Gr. 48 – ráðningar bæjarstjóra:

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Í skriflegum ráðningarsamningi sem bæjarstjórn samþykkir skal kveðið nánar á um starfsskyldur og starfskjör. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.



Í viðauka 1 kemur fram um verkefni einstakra stjórnareininga:

C. Stjórnarhættir:

2. Ræður bæjarstjóra, en er heimilt að fela bæjarráði að undirbúa ráðningu bæjarstjóra og formanni bæjarráðs að undirrita ráðningarsamning.

Í 2. gr – bæjarráð kemur fram:

C. Stjórnarhættir:

10. Ræður lykilstjórnendur bæjarfélagsins þ.e. sviðsstjóra, skipulagsstjóra og mannauðsstjóra í umboði bæjarstjórnar.

Nýtt skipurit tekur gildi þremur mánuðum eftir að bæjarmálsamþykkt er samþykkt og þar bættust skrifstofustjórar þverlægra eininga við yfirstjórn til viðbótar við sviðsstjóra.

Um ráðningar hjá Kópavogsbæ gildir verklag VER-0150 og vinnulýsing VLS-0154 þar sem kveðið er á um auglýsingar starfa.

VLS-0154. Liður 5. Auglýsing

5.2. *Hvaða störf á að auglýsa?* Að jafnaði skulu laus störf auglýst til umsóknar á opinberum vettvangi. Heimilt er að gera undantekningar t.d. þegar um tímabundnar ráðningar, tilfærslu í starfi eða þegar þörf er á afar skjótum viðbrögðum við brýnum mönnunarvanda. Rétt er að bera undir næsta yfirmann eða mannauðsráðgjafa ef þörf þykir á undantekningu frá auglýsingu.

Af ofangreindu má sjá að annars vegar gilda reglur um ráðningar sem kveðið er á um í bæjarmálasamþykkt, hins vegar í VLS-0154 þar sem kveðið er á um að auglýsa að jafnaði öll störf. Gildir þetta óháð starfi eða staðsetningu starfs sbr. fyrirspurn þar sem spurt er um auglýsingar starfa hjá yfirstjórn á bæjarskrifstofum á Digranesvegi, Vallarkór og menningarhúsum. Yfirstjórn er staðsett á bæjarskrifstofum á Digranesvegi og í Vallarkór. Stjórnun menningarhúsa fellur ekki undir yfirstjórn en ráðningar þar falla undir sömu ákvæði VLS-0154 og önnur störf.

Virðingarfyllt,

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
Mannauðsstjóri

